

Fimmtudaginn 30. janúar 1992.

Nr. 247/1991. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Kristínu Maríu Indriðadóttur

(Tryggvi Gunnarsson hrl.).

Fjárdráttur. Opinberir starfsmenn. Aðfinnslur. Skilorð.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1991 að ósk ákærðu, en einnig af ákærvalds hálfu til þyngingar refsingu.

Í starfi ákærðu sem deildarþroskajálfa á Kópavogshæli fólst meðal annars að taka við og geyma vasapeninga vistmanna á viðkomandi deild, hafa umsjón með ráðstöfun þeirra og afhenda síðan gjaldkera skilagrein með viðeigandi fylgiskjölum. Bar ákærðu að halda peningum þessum aðgreindum frá eigin fé.

Fyrir liggur í málinu afdráttarlaus játning ákærðu á því að hafa breytt fjárhæðum á 26 fylgiskjölum, sem samtals námu þeirri fjárhæð, er í ákæru málsins greinir, þ.e. 56.000 krónum, í því skyni að stemma af sjóðinn. Ekki er ákært fyrir skjalafals í málinu.

Samkvæmt skýrslum Rannsóknarlögreglu ríkisins um yfirheyrslur yfir ákærðu 30. janúar 1990 kom oftsinnis fram hjá henni, að vöntun sú í sjóði, sem hún var að bæta úr með ofangreindum breytingum á fylgiskjölum, stafaði bæði af eigin lántökum hennar úr sjóðnum, sem hún hefði ekki getað endurgreitt, og vöntun á fylgiskjölum vegna greiðslna í þágu vistmanna. Nánar aðspurð gat hún ekki gert grein fyrir því, hvernig ofangreind fjárhæð skiptist að þessu leyti.

Við dómsmeðferð í héraði hélt ákærða því hins vegar fram, að sjóðsvöntun hefði að öllu leyti stafað af því, að fylgiskjöl vantaði vegna greiðslna í þágu vistmanna. Breytingar sínar á fylgiskjölum hefðu verið gerðar til að vinna upp mismun af þessum sökum. Hún

hefði að vísu í örfá skipti tekið fé að láni úr sjóðnum, en ætíð endurgreitt. Var á ákærðu að skilja, að í skýrslum rannsóknarlögreglu hefði komið fram mistúlkun á framburði sínum. Skýrslur þessar hafði ákærða staðfest með undirskrift sinni og jafnframt sett upphafsstafi sína undir hverja vélritaða síðu.

Þegar litið er til allra málavaxta og einkum til þeirrar aðferðar, sem ákærða viðhafði, þykir sannað, að hún hafi, svo sem hún skýrði frá hjá rannsóknarlögreglu 30. janúar 1990, að einhverju leyti hagnýtt sér umrætt fé í eigin þágu. Er fallist á það með héraðsdómara, að skýringar ákærðu fyrir dómi séu ekki trúverðugar. Hér verður þó einnig á því að byggja, að hluti þeirrar fjárhæðar, sem ákært er fyrir, kunni að hafa verið notaður í þágu vistmanna. Verður því ekki fullyrt, hversu mikinn hluta fjárens ákærða hagnýtti sér sjálf. Þetta þykir þó ekki eiga að firra ákærðu refsíabýrgð, enda bar henni að gera skilmerkilega grein fyrir ráðstöfun fjárens.

Að þessu athuguðu er fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara, að ákærða hafi gerst brotleg við 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Fyrir liggur í málinu, að ákærða hefur greitt 33.000 krónur af fjárhæð þeirri, sem ákært er fyrir. Með það í huga og önnur atvik málsins þykir rétt að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærðu og skilorðsbindingu hennar. Einnig ber að staðfesta málskostnaðarákvæði dómsins.

Dæma ber ákærðu til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Yfirheyrslur í máli þessu fyrir héraðsdómi voru mjög langar, en á skorti, að þær væru nægilega markvissar. Urðu þær því mun umfangsmeiri en efni voru til. Verður að finna að þessum annmarka á málsmeðferð.

Gera verður athugasemd við þann hátt, sem Ríkisendurskoðun hafði á við gerð upphaflegrar skýrslu í málinu, þar sem án fyrirvara er staðhæft, að ákærða hafi gerst sek um skjalafals og fjárdrátt. Í bréfi stofnunarinnar til Rannsóknarlögreglu ríkisins 26. janúar 1990 er og á óviðeigandi hátt dregin ályktun af yfirlýsingu ákærðu 19. janúar 1990.

Samkvæmt skýrslum rannsóknarlögreglu var vottur ekki viðstaddur yfirheyrslur eða upplestur á skýrslum ákærðu, heldur vott-

aði einungis undirritun þeirra. Er þetta ekki í samræmi við 37. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Kristín María Indriðadóttir, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Eins og fram kemur í atkvæði meiri hluta dómenda, er niðurstaða rannsóknar hjá lögreglu og fyrir héraðsdómi ekki samhljóða um þær sakargiftir, sem ákært er fyrir. Ákærða hefur staðfastlega haldið því fram fyrir dómi, að hún hafi ætíð endurgreitt að fullu þá fjármuni, er hún viðurkennir að hafa um stundarsakir tekið til sinna þarfa úr sjóði vistmanna á Kópavogshæli. Hún staðhæfir þar, að breytingar á bókhaldsgögnum hafi hún einungis gert til þess að leiðrétta skekkjur, er skapast hafi í sjóði vegna skorts á fylgiskjölum um einstakar greiðslur fyrir vistmenn. Eigi nýtur í málinu óyggjandi gagna um raunverulega stöðu úttekta á hverjum tíma og mismun þess fjár, er ákærða veitti viðtöku og ráðstafaði í þágu vistmanna.

Með hliðsjón af framansögðu og rannsóknargögnum að öðru leyti tel ég varhugavert að fullyrða, að ákæruvaldinu hafi tekist að færa fram gegn neitun ákærðu lögfulla sönnun fyrir því, að ákærða hafi dregið sér fé í auðgunarskyni, svo að varði við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 243. gr. sömu laga. Ákærða verður að mínum dómi að njóta þess vafa, sem í málinu er, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Ég tel það verða svo að vera þrátt fyrir óheimila meðferð ákærðu á fjármunum skjólstaðinga sinna á Kópavogshæli og rangar tilgreiningar í skjölum, sem henni verður þó eigi gerð sérstök refsíabyrgð fyrir, eins og ákæru er háttað. Ég tel þannig, að sýkna beri ákærðu af sakargiftum ákæruvaldsins í málinu og fella allan kostnað sakarinnar á ríkissjóð.

Ég er samþykkur athugasemdum meiri hluta dómenda um þátt Ríkisendurskoðunar, vottun lögregluskýrslna og rannsókn málsins fyrir héraðsdómi.

Dómur sakadóms Kópavogs 6. apríl 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. mars sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru, dags. 8. október 1990, „á hendur Kristínu Maríu Indriðadóttur, Hverfisgötu 5, Hafnarfirði, fæddri 29. júní 1953, fæðingarnúmer 258, fyrir fjádrátt í opinberu starfi sem deildarþroskaþjálfari á Kópavogshæli með því að hafa á tímabilinu frá október 1986 fram í ágúst 1989 dregið sér samtals 56.000 kr. af lífeyri vistmanna hælisisins frá Tryggingastofnun ríkisins, svonefndum vasapeningum, sem ákærða hafði umsjón með. Ákærða leyndi fjádrættinum með því að falsa fylgiskjöl í bókhaldi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar”.

Í þinghaldi 19. nóvember sl. leiðrétti fulltrúi ríkissaksóknara villu í ákærinni varðandi tímabilið, sem hin meintu brot eru talin hafa verið framin á, en það er frá október 1988, en að öðru leyti eins og í ákæru greinir.

Málavextir.

Ákærða vann á Kópavogshæli í nokkur ár, áður en hún fór í Þroskaþjálfaskólann árið 1982. Þau ár, sem hún var í skólanum, starfaði hún jafnframt á Kópavogshæli. Hún útskrifaðist úr skólanum vorið 1985 og tók við starfi deildarþroskaþjálfara á Kópavogshæli þá um haustið, en hætti þar 1. september 1989. Á deild þeirri, sem ákærða starfaði við sem deildarþroskaþjálfari, voru að jafnaði 8 vistmenn, en 10-15 starfsmenn. Í starfi deildarþroskaþjálfara fólst að hafa yfirumsjón með deildinni, þ. á m. umsjón með vasapeningum vistmanna, sem greiddir voru af Tryggingastofnun ríkisins. Einn af starfsmönnum hælisisins, gjaldkeri vasapeninga, sá um að taka vasapeningana út af sparisjóðsreikningi og deila þeim á einstaka vistmenn, en deildarþroskaþjálfar tóku við peningunum hjá gjaldkera og kvittuðu fyrir. Deildarþroskaþjálfar báru ábyrgð á að skila gjaldkera kvittunum vegna eyðslu vistmanna á peningunum, og var uppgjóri að jafnaði skilað á eins til tveggja mánaða fresti. Jafnframt færðu deildarþroskaþjálfar sjóðsbækur, er sýndu fé, er deildarþroskaþjálfari hafði fengið í hendur fyrir viðkomandi vistmenn, og úttektir vegna eyðslu þeirra.

Í greinargerð Ríkisendurskoðunar, sem gerð var í tilefni af athugun á bókhaldi og fjárreiðum deildarinnar, er ákærða veitti forstöðu, kemur fram, að Ríkisendurskoðun hafi haft samband við ákærðu, þar sem grunur vaknaði um, að reikningum hefði verið breytt. Ákærða hafi þá viðurkennt að hafa breytt reikningum. Skrifstofustjóri Ríkisendurskoðunar hefur staðfest greinargerðina fyrir dómi. Einnig hefur hann staðfest, að fjárhæðir reikninga, er ákærða breytti, voru færðar þannig breyttar í viðkomandi sjóðsbók. Reikningar þessir hafa verið lagðir fram í málinu, en þeir eru dagsettir frá 6.11. 1988 til 14.8. 1989. Einnig hefur verið lögð fram yfirlýsing, dags. 19. janúar 1990, undirrituð af ákærðu í viðurvist tveggja starfsmanna Ríkisendurskoðunar, þar sem hún viðurkennir að hafa breytt reikningum til hækkunar um 33.000, og nefndi hún til skýringar þessu freistingu, sem peningar stundum valda. Þá er tekið fram, að hún muni greiða skuld sína að fullu, strax og óskað er.

Í gögnum frá Ríkisendurskoðun kemur fram, að ákærða kom þangað 22. janúar 1990, og hafi hún þá skýrt svo frá, að hún hafi ekki dregið sér allt þetta fé, heldur hafi hún hækkað reikninga til að leiðrétta sjóðinn vegna glataðra fylgiskjala.

Ákærða hefur viðurkennt bæði hjá lögreglu og fyrir dómi að hafa breytt reikningum þannig, að fjárhæðir þeirra hækkuðu samtals um 56.000 kr., sem er sama fjárhæð og hún er ákærð fyrir að hafa dregið sér. Ákærða kvaðst hafa breytt reikningunum vegna þess, að peninga vantaði í kassann, þegar hún gerði hann upp. Þá hefur komið fram, að ákærða gerði sér ljóst, að peningar, sem hún tók við, og skil á nótum hafi algjörlega verið á hennar ábyrgð. Ákærða viðurkendi við yfirheyrslu hjá lögreglu, að vöntun í sjóð væri vegna þess, að hún hafði sjálf fengið lánaða peninga úr kassanum, sem hún eyddi í eigin þágu og greiddi ekki til baka í sumum tilfellum, en einnig væri vöntun vegna þess, að stundum hefði gleymst að fá reikninga fyrir ákveðnum kaupum fyrir vistmenn eða kvittanir ekki legið fyrir af öðrum ástæðum.

Er ákærða var yfirheyrð fyrir dómi 19. nóvember 1990, kvaðst hún í öllum tilfellum hafa greitt það til baka, sem hún fékk lánað. Hún hafi aðeins breytt nótum til að leiðrétta skekkju á sjóðnum, sem hafi komið til vegna þess, að nótur voru ekki fyrir hendi vegna eyðslu vistmanna á peningum. Bókhaldið hafi oft setið á hakanum, þar sem henni þótti önnur verk brýnni. Stundum hafi komið fyrir, að hún hafi sjálf lagt til peninga í kassann, til þess að hann stemmdi. Ákærða kom aftur fyrir dóm 26. mars 1991. Þá kom fram, að hún hefði farið yfir nótur, áður en hún skilaði þeim, og er hún sá, að eitthvað hafði verið keypt eða greitt fyrir á tímabilinu, hefði hún í einhverjum tilvikum bætt því inn á fyrirliggjandi nótur og hækkað þær með því að breyta tölum eða bæta við þær tölustöfum.

Hún hafi þó ekki endilega gert það samtímis að skrifa inn á nóturnar og breyta fjárhæðum, en við yfirheyrsluna var henni bent á, að þetta virtist ekki alltaf gert með sama penna.

Í gögnum málsins kemur fram, að svonefndir vasapeningar vistmanna Kópavogshælis voru notaðir til persónulegra þarfa þeirra, svo sem kaupa á fatnaði, hársnyrtingu, snyrtivörum, skrautmunum eða sælgæti svo og vegna bæjarferða, og var þá farið t.d. í bíó eða annað, sem kostnaður fylgdi. Ákærða geymdi peningana í læstri hirslu, sem enginn annar en hún hafði aðgang að. Þá hefur komið fram, að ákærða hafi lítið farið sjálf með vistmenn í innkaupaferðir, það hafi aðrir starfsmenn deildarinnar gert. Hún afhenti starfsmönnum peninga, eftir því sem til þurfti, og var bæði henni og öðrum starfsmönnum ljóst, að nauðsynlegt var að skila kvittuðum reikningum fyrir allri eyðslu, en ef það var ekki hægt, þurfti að gefa viðhlítandi skýringar á því, í hvað peningarnir hefðu farið. Í einhverjum tilfellum þurfti ákærða eða starfsmenn að leggja til eigið fé í þágu vistmanna, en það var, þegar ekki voru tiltækir fjármunir í sjóði þeirra. Þetta hafi starfsmennirnir svo jafnan fengið endurgreitt, þegar unnt var að koma því við.

Vitnið Guðni Már Henningsson starfaði á deildinni, sem ákærða veitti forstöðu, frá 1986 og þar til hún hætti störfum. Hann skýrði svo frá, að hver vistmaður hefði fengið ákveðna fjárhæð í vasapeninga reglulega, en taka þurfti nótur fyrir öllu, sem keypt var eða eytt í. Þetta hafi ekki verið gert í öllum tilfellum, t.d. ef keypt var fyrir smáar upphæðir, en einnig hafi komið fyrir, að nótur hafi ekki verið tiltækar, þótt eytt hafi verið í stærri hluti. Í þeim tilfellum hafi þeir gefið ákærðu skýringar á því, hvernig peningum hefði verið varið, og tók ákærða skýringar þeirra gildar. Hún hafi stundum útbúið nótur í samræmi við skýringar starfsmannanna. Þótt ákærða hafi brýnt sérstaklega fyrir þeim að taka ávallt nótur fyrir allri eyðslu, hafi þess alls ekki alltaf verið gætt, sérstaklega þar sem þeir vissu, að hægt var að útbúa nótur eftir á. Þetta hafi verið nokkuð laust í reipunum, enda fundu þeir, að þeim var treyst, en peningum vistmanna hafi ekki verið eytt nema eins og til var ætlast.

Vitnið Sólveig Steinsson Hannesdóttir starfaði sem deildarþroskaþjálfari á Kópavogshæli á árunum 1987 til 1990. Hún hefur skýrt svo frá, að reikningsskil á vasapeningum vistmanna hælisins hafi verið með þeim hætti, að hún hafi þurft að skila nótum við uppgjör. Ef ekki hafði tekist að fá nótu fyrir ákveðnum útgjöldum, t.d. strætisvagnaferðum, útbjó hún sjálf nótu með nákvæmum skýringum. Annars hafi hún gætt þess sérstaklega að fá ávallt nótur og halda þeim vel til haga, og þannig hafi hún látið kassann stemma. Þetta hafi gengið eftir, og hún hafi aldrei lent í neinum sérstökum vanda við uppgjör.

Vitnið Hafðís Margrét Fjeldsted starfaði á Kópavogshæli á árunum 1987

til 1989, en hún tók út peninga fyrir vistmenn hælisisins og afhenti deildarþroskaþjálfum til nota fyrir vistmenn viðkomandi deilda. Yfirleitt hafi hún aðeins greitt út fé annan hvern þriðjudag, nema, ef sérstaklega stóð á, tóku deildarþroskaþjálfar þess á milli við fé hjá henni. Hún hafi svo tekið við nótum frá deildarþroskaþjálfum, sem hún bar saman við yfirlitsblöð eða sjóðsblöð, en nóturnar voru svo sendar skrifstofu ríkisspítala. Það hafi ekki verið í sínum verkahring að gera sjóðinn upp. Nótum hafi deildarþroskaþjálfar skilað eftir eigin hentisemi, en hún hafi farið fram á, að þeir skiluðu ekki sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Annars hafi hún ekkert haft yfir deildarþroskaþjálfum að segja. Sér hafi ekki verið gerð grein fyrir því, að hún hafi sem gjaldkeri átt að hafa eftirlit með störfum deildarþroskaþjálfra, hvernig vasapeningum var ráðstafað, eða kalla eftir reikningum eða öðrum skjölum. Yfirmenn hælisisins hafi aldrei gengið eftir því, hvað hún gerði í þessu sambandi. Hún hafi ekki orðið vör við neitt sérstakt eftirlit með meðferð vasapeninga af hálfu skrifstofu ríkisspítala. Hún hafi ekki vitað fyrr en nokkrum mánuðum eftir, að hún byrjaði að vinna á Kópavogshæli, að hún gæti leitað til ákveðins aðila hjá ríkisspítölum, ef hún þurfti á leiðbeiningum að halda. Sér hafi ekki verið kennt starfið, heldur hafi hún lært það sjálf af bókum. Hún hafi vitað til þess, að deildarþroskaþjálfar gátu búið til nótur, ef þær voru ekki fyrir hendi, vegna eyðslu fyrir allt að 1.000 kr., t.d. ef gleymdist að taka nótu í bíó- eða sjoppuferð. Þurfti þá að tilgreina fjárhæð og í hvað hafði verið eytt, en ekki vissi hún, hvaða skilyrði voru sett að öðru leyti um þetta atriði eða hver hefði hugsanlega sett þau skilyrði. Ekki vissi hún heldur til, að gerðar væru athugasemdir, þótt bætt hafi verið við einhverjum kostnaði á fyrirliggjandi nótur.

Af hálfu ákærðu er krafist sýknu af kröfum ákærvaldsins og að allur sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda að viðbættum virðisaukaskatti, verði felldur á ríkissjóð. Af hennar hálfu er því haldið fram, að þrátt fyrir breytingar á reikningum hafi hún ekki dregið sér fé vistmanna, enda liggi engin gögn fyrir um það. Reikningum hafi í öllum tilfellum verið breytt vegna þess, að ekki hafi verið fengnar nótur, þegar viðkomandi kaup fyrir vistmenn fóru fram. Því hafi það fé, sem talið er vanta í sjóð, í raun farið til vistmanna sjálfra, en alls ekki til ákærðu.

Niðurstöður.

Í máli þessu liggur fyrir, að ákærða breytti fylgiskjölum í bókhaldi fyrir vasapeninga vistmanna Kópavogshælis þannig, að fjárhæðir úttekta hækkuðu um 56.000 kr. Ákærða hefur viðurkennt að hafa fengið lánað af vasapeningunum og hefur við yfirheyrslu hjá lögreglu viðurkennt að hafa breytt skjölum vegna vöntunar í sjóð, sem stafaði m.a. af fjárdrætti hennar. Skýringar hennar fyrir dómi á því, hvers vegna hún breytti fylgi-

skjölunum með þeirri aðferð, sem hún viðhafði, þykja ófullnægjandi og ekki trúverðugar. Þegar þetta er virt, verður að telja sannað, að ákærða hefur gerst sek um háttsemi þá, sem henni er að sök gefin í ákæruskjali og þykir þar réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Ákærða er sakhæf og hefur ekki verið sakfelld áður, þegar frá er talinn dómur sakadóms Kópavogs 8. júní 1979, er hún var dæmd í fimm mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi tvo mánuði, en með vísan til málavaxta þykir rétt að fresta fullnustu refsingar og að hún falli niður að þremur árum liðnum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. l. nr. 22/1955.

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Tryggva Gunnarssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 85.000 kr. að viðbættum virðisaukaskatti, og saksóknarlauna í ríkissjóð, sem þykja hæfilega ákveðin 60.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Kristín María Indriðadóttir, sæti fangelsi tvo mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og niður skal hún falla að þremur árum liðnum frá birtingu dómsins að telja, verði haldið almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. l. nr. 22/1955.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun Tryggva Gunnarssonar hrl., 85.000 kr. auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun í ríkissjóð 60.000 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.